

Sandfok og umferðaröryggi. Ester Hlíðar Jensen, Veðurstofa Íslands, Ingibjörg Jónsdóttir, Háskóli Íslands, Einar Sveinbjörnsson, Veðurvaktin ehf, Haraldur Sigþórsson, VHS ehf og Pavla Dagsson Waldhauserová, Landbúnaðarháskólinn. - Apríl 2019.

Markmið verkefnis var að kanna áhrif sandfoks á umferð á svæðinu milli Víkur og Kirkjubæjarklausturs, með því að skoða slys, óhöpp lokanir og skemmdir. Þá voru helstu upptakasvæði sandfoks á svæðinu greind og gerðar tillögur að því hvar best væri að staðsetja mælibúnað til að efla spámöguleika.

Til að meta og kanna sandfok voru farnar vettvangsferðir, þar sýnum af hlaupvatnsseti var safnað og ýmsir eðliseiginleikar mældir og gerðar geislunarmælingar með nýjum vettvangsgeislamæli. Þá voru gervitunglamyndir skoðaðar, sem og gögn frá mönnum og sjálfvirkum veðurstöðvum á svæðinu, til að skrá daga þar sem fok greindist.

Við skoðun slysagagna frá Samgöngustofu kom í ljós að ekki er auðvelt að greina hvort sandfok sé ástæða slysa eða óhappa. Það er ekki skráð sérstaklega í skýrslur. Ekki eru heldur góðar upplýsingar um tjón vegna sandfoks hjá tryggingafélögum því þau tryggja ekki gegn þess konar tjóni.

Greining gagnanna sýndi að finna má óhöpp og slys sem hafa orðið á sama tíma og sandfok var á svæðinu. Það er hins vegar ekki hægt að segja að umferðaslys hafi með óbyggjandi hætti orðið af völdum sandfoks, nema hugsanlega í einu tilviki, en bent er á að það geti verið meðvirkandi orsök í nokkrum tilvikum.

Fram kemur að lokanir vegna sandfoks voru 11 á tímabilinu 2010-2017. Flestar voru 2012, en engar frá og með 2015. Þykir það benda til að minna sé um fokefni nú en fyrst eftir gos, en það kann líka að vera tilviljun þar sem veður kemur líka við sögu varðandi tengsl vindáttar og vindhraða við raka í yfirborði.

Varðandi tillögur að mælibúnaði er m.a. lagt til að rafhleðslumælum, til að mæla rakarúmmál jarðvegs, verði komið fyrir á nokkrum stöðum til að fylgjast með ástandi og fokhættu. Þá mætti bæta við vefmyndavél á veðurstöð Vegagerðarinnar í Eldhrauni sem beint er að upptakasvæði sandfoks. Einni er bent á að nýlega eru hafnar keyrslur á tölvuspám um sandfok, sem hægt væri að birta á vef Vegagerðarinnar. Líkanið er hannað sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður, m.a. af Landbúnaðarháskóla Íslands.